

# Safnaðarblað Hofsprestakalls

Vor 2012



## Þáttökukirkja

Nú á vormánuðum verður boðið upp á fjölbreytt safnaðarstarf og helgihald. Á konudaginn verður árleg kaffihúsamessa í Kaupvangi, þar sem karlakórinn syngur. Sunnudagaskóli verður á sama tíma í Kaupvangi og útskrifuð verða leiðtogaefni. Þann 11. mars verður æskulýðsmessa með þátttöku barna og unglunga og kaffisala æskulýðsfélagsins til styrktar þrælabornum á Inlandi. Eftir guðsþjónustu þann 25. mars verður kökubasar 10-12 ára starfsins og námskeið “Það vex sem að er hlúð”. Starfsfólk skrifstofu Vopnafjarðarhrepps lesa ritningarlestur og bænir og bjóða öllum upp á léttan hádegisverð. Þetta er liður í því að bjóða safnaðarfólki til virkrar þátttöku í helgihaldinu og á næstu misserum verður fleiri fyrirtækjum og stofnunum boðið til þátttöku með sama hætti

Á pálmásunnudag verður páskaeggjaleit og föstudaginn langa pílagrímaganga og Passíusálmalestur. Á páskadag verða hátíðarguðsþjónustur í báðum kirkjum þar sem frumflutt verður lag eftir Stephen Yates, organista Hofsprestakalls. Í apríl verður Gleðimessa þar sem lögð verður áhersla á léttu og fjörlega söngva og eftir bjóða fermingarbörn upp á messukaffi. Á Uppstigningardag verður guðsþjónusta á degi eldri borgara í samstarfi við eldri borgara á Bakkafirði, Þórshöfn og Pistilfirði og boðið upp á kaffiveitingar á eftir. Á Hvítasunnudag verður fermingarmessa. Í júní verður Sjómannadagsmessa á sjómannadaginn og hátíðarguðsþjónusta á 17. júní.

Það eru margir sem leggja mikið að mörkum af metnaði og fagmennsku bæði við helgihaldið og safnaðarstarfið. Hér taka svo margir þátt, bæði börn og fullorðnir, sem vilja með þátttöku sinni þjóna Guði og samfélagi og auðga blómlega menningu.. Tökum þátt í kirkjunni okkar og stuðlum að gefandi samfélagi.

## Konur er konum bestar

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur verður haldið í safnaðarheimili Vopna-fjarðarkirkju 23. mars kl. 19-23 og 24. mars kl. 10-13. Efni námskeiðsins byggir á bæði nýju og efni sem hefur reynst vel. Leiðbeinandi verður sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, sem er höfundur námskeiðsins og hefur haldið fjölmörg námskeið um allt land síðastliðin 20 ár.

Námskeið þetta hefur notið fádæma vinsælda og miðar að því að byggja upp sjálfsmynd kvenna og skapa þeim vettvang til að kynna sjálfum sér betur í góðu samfélagi við aðrar konur.

Námskeiðið er opið öllum konum 18 ára og eldri og námskeiðsgjald er 2.000 kr. boðið upp á kaffiveitingar. Skráning á námskeiðið er hjá sóknarpresti í síma 473 1580 eða á netfangið: [hofsprestakall@kirkjan.is](mailto:hofsprestakall@kirkjan.is)

## Safnaðarheimili við Hofskirkju

Hofskirkja á ýmsa muni sem geymdir eru við aðstæður sem ekki eru til framtíðar og í sumum tilfellum óviðunandi. Mikill ferðamannastraumur er í kirkjuna og garðinn, sérstaklega á sumrin. Engin hreinlætisaðstaða er við kirkjuna og mjög brýnt að bæta úr því. Stærð á fyrirhuguðu húsi er 50 ferm.

Sóknarnefnd Hofskirkju setti af stað athugun með staðsetningu fyrir hús og hefur skoðað nokkrar teikningar af safnaðarheimilum víða um land. Ekki hefur ennþá komið í ljós hver kostnaður er við þetta verk.

Hugsanlega er hægt að sækja um styrk til Ferðamálastofu vegna hreinlætisaðstöðu en annað þurfum við að fjármagna sjálf. Hofsókn er ekki vel stæð og hefur ekki ráð á að fara út í þessa fjárfestingu nema með aðstoð heimamanna. Ef það eru einhverjir sem hug hafa á að láta eitthvað af hendi rakna vill sóknarnefnd benda á að í Landsbankanum er gjafareikningur sem Hofskirkja á og hægt að leggja inná hann.

*Sigríður Bragadóttir,  
formaður sóknarnefndar Hofssóknar*

### Nýr kirkjuvörður

Nú um áramótin var Ásrún Jørgensdóttir ráðinn kirkjuvörður við Vopna-fjarðarkirkju og er hún boðin velkomin til starfa við kirkjuna. Kirkjuvörður sér um almenna kirkjuvörslu og er til staðar við athafnir í kirkjunni. Einnig sér kirkjuvörður um leigu á safnaðarheimilinu.

Ásrún tekur við af Stefaníu Aradóttur sem sagði upp störfum um síðustu áramót og er henni þökkuð traust og góð störf við kirkjuna.

### Fermingarstarfið

Fermingarstarfið er byrjað aftur, en fyrir áramót tóku einnig börn í 7. bekk þátt í fermingarstarfinu. Fermingarbörnin taka virkan þátt í helgihaldi kirkjunnar ásamt fjölskyldum sínum og eiga m.a. að mæta í allar guðsþjónustur. Þann 22. apríl verður Gleðimessa, áhersla á léttu og gleðilega söngva og fermingarbörnin bjóða upp á messukaffi. Við guðsþjónustuna mun Davíð Þór Jónsson, guðfræðingur, prédika.

Í ár verður fermt á Hvítasunnudag, 27. maí, kl. 14:00 í Vopnafjarðarkirkju.

## Æskulýðsfélag Hofsprestakalls - Kýros

Starf æskulýðsfélagsins hefur verið kröftugt sem er að þakka jákvæðum og opnum hug krakkanna. Í vetur hefur Heiðbjört Tryggvadóttir og sóknarprestur haft umsjón með starfinu.

Á Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar sem haldið var í haust vöktu unglingarnir verskuldaða athygli. Þau gáfu 60.000.- kr. til söfnunar fyrir börn í Japan sem misst höfðu foreldra sína í hamförunum þar. Þá voru þau í 2. sæti í hæfileikakeppninni og 1. sæti í búningakeppninni. Æskulýðsfélagið fyrir Vinavíkunni í haust sem fékk mikla fjölmiðlaumfjöllun og víða um land hafa unglingar fylgt þessu góða fordæmi og staðið fyrir sambærilegum viðburðum.

Í janúar var æskulýðsfélagið með Vinabíó og sóttu það um 100 manns og horfðu á myndina "Animals United" og versluðu popp, krap og annað góðgæti í sjoppunni. Einnig stendur æskulýðsfélagið fyrir happdrætti og er að safna í ferðasjóð, en helgina 24.-26. febrúar verður farið á æskulýðsmót í Hrafnagili.

Æskulýðsmessa fyrir alla verður 11. mars. Börn og unglingar syngja ásamt kirkjukórnum og hljómsveit spilar. Eftir messuna verður árleg kaffisala æskulýðsfélagsins til styrktar þrælabornum á Indlandi. Æskulýðsfélagið vill þakka öllum fyrir góðan stuðning við starfið og traust samstarf í gegnum tíðina.



## Af 10-12 ára starfinu

Nú í janúar var sameiginlegur 10-12 ára dagur haldin á Vopnafirði með börnum frá Bakkafirði. Farið var í leiki, haldnir fáránleikar og dagskránni lauk með pylsuveislu og helgistund í Vopnafjarðarkirkju.

Þann 25. mars eftir messu verða 10-12 ára börnin með kökubasar til styrktar þrælabornum á Indlandi. Þetta er dýrmætt tækifæri til að styðja við bakið á börnunum okkar sem vilja sýna kærleika í verki. Dagana 13.-14. apríl verður mót fyrir 10-12 ára mót í Kirkjumíðstöðinni á Eiðum, en það hefur verið afar vel sótt undanfarin ár og hápunkturinn á skemmtilegu starfi safnaðanna á öllu Austurlandi. Starfinu lýkur svo í maí með óvissuferð.



**Viðtalstímar sóknarprests eru þriðju- og miðvikudaga kl. 10-14. Á öðrum tímum er hægt að ná í sóknarprest í síma 473 1580 og 867 3396**

# Helgihald í Hofsprestakalli vorið 2012

## Febrúar

19. feb. Guðsþjónusta í Kaupvangskaffi kl. 15:00.

*Karлакór Vopnafjarðar syngur, leiðtogaefni verða útskrifuð og dregið í happdrætti æskulýðsfélagsins. Sunnudagaskóli verður í Kaupvangi.*

## Mars

11. mars. Æskulýðsmessa fyrir alla í Vopnafjarðarkirkju kl. 15:00 og árleg kaffisala æskulýðsfélags Hofsprestakalls - Kýros

Kirkjukórinn, barnakórinn og unglingar syngja, leikrit, helgileikur ofl.

25. mars. Guðsþjónusta og Sunnudagaskóli í Vopnafjarðarkirkju kl. 11:00

Kökubasar 10-12 ára barna og námskeiðið: “Það vex sem að er hlúð”. Starfsfólk Vopnafjarðarhrepps les ritningarlestur og býður upp á léttan hádegisverð.

## Apríl

1. apríl. Fjölskyldusamvera í Vopnafjarðarkirkju kl. 11:00

*Pálmásunnudagur og páskaeggjaleit í safnaðarheimilinu fyrir alla fjölskylduna.*

6. apríl. Passíusálmalestur í Hofskirkju kl. 13:00-16:00 og pílgrímaganga frá

Vopnafjarðarkirkju kl. 9:30

8. apríl. Hátíðarmessa kl. 8:30 í Vopnafjarðarkirkju

*Boðið upp á morgunverð í safnaðarheimilinu.*

Hátíðarmessa kl. 14:00 í Hofskirkju.

*Sameiginlegt kirkjukaffi í Staðarholti. Alli mega koma með kökur og brauð.*

22. apríl. Gleðimessa kl. 14:00

*Messukaffi fermingarbarna og Davíð Þór Jónsson, prédikar*

## Maí

17. maí. Guðsþjónusta í Vopnafjarðarkirkju kl. 14:00 á degi eldri borgara

*Eldri borgarar frá Bakkafirðir, Þórshöfn og Pistilfirði koma í heimsókn og boðið verður upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu.*

27. maí. Fermingarmessa kl. 14:00 í Vopnafjarðarkirkju

## Júní

3. júní. Sjómannadagsmessa kl. 14:00 við minnisvarðann

17. júní. Hátíðarmessa í Hofskirkju kl. 11:00.

**Verum öll hjartanlega velkomin í kirkjuna okkar**

[www.kirkjan.is/hof](http://www.kirkjan.is/hof) og á Facebókinni

Geymið auglýsinguna